

Þriðjudaginn 18. júní 1991.

Nr. 435/1989. **Árni Brynjólfsson**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Sigurði H. Oddssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Meiðyrði. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem háð var á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júní 1990, þar sem fram kemur skýrsla áfrýjanda fyrir dómi svo og framburður fjögurra vitna. Þá hefur verið lögð fyrir Hæstarétt skrifleg skýrsla stefnda, en hann var staddur erlendis, er vitnamálið var háð. Einnig hefur stefndi lagt nokkur ný skjöl fyrir Hæstarétt.

Í gögnum þessum kemur fram, að hin umstefndu ummæli eiga rætur að rekja til þess, að stefndi, sem teiknað hafði raflagnir í stórhýsi hér í borg, veitti verkkaupa ráðgjöf í sambandi við reikningsgerð verktaka þess, sem annaðist raflagnirnar. Ósannað er, að stefndi hafi innt ráðgjöf sína af hendi á þann hátt, er réttlætt geti hin umstefndu ummæli, sem í heild og að framsetningu eru meiðandi fyrir hann. Þykir ákvæði 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eiga hér við. Hinn áfrýjaði dómur á því að vera óraskaður, sbr. 2. mgr. 241. gr. sömu laga, en frestur til birtingar dómsorðs héraðsdóms miðist við uppkvaðningu dóms þessa

Áfrýjandi hefur með vísan til 241. gr. almennra hegningarlaga krafist ómerkingar á ummælum, sem stefndi hefur um hann í aðila-skýrslu sinni. Ekki eru réttarfarsskilyrði til þess, að krafa þessi verði tekin til úrlausnar.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frestur til birtingar dómsorðsins miðist við uppkvaðningu dóms þessa.

Áfrýjandi, Árni Brynjólfsson, greiði stefnda, Sigurði H. Oddssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., er höfðað af Sigurði H. Oddssyni, nnr. 7889-9115, rafmagnstæknifræðingi, Smyrlahrauni 54, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 26. október 1988, á hendur Árna Brynjólfsyni framkvæmdastjóra, nnr. 0507-1416, Rauðalæk 16, Reykjavík, og Hannesi Vigfússyni, löggiltum rafvirkjameistara, nnr. 3731-8264, Austurgerði 8, Reykjavík, formanni f.h. Félags löggiltra rafverktaka, nnr. 2308-3965, Skipholti 29, Reykjavík.

Undir rekstri málsins var fallið frá kröfum á hendur Félagi löggiltra rafverktaka.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að eftirfarandi ummæli stefnda Árna Brynjólfssonar verði dæmd dauð og ómerk:

„Leiðindamál.

Að marggefnu tilefni óskar skrifstofa FLRR eftir því, að félagsmenn veiti upplýsingar um það, hvort þeir hafi lent í útistöðum við Sigurð H. Oddsson, rafmagnstæknifræðing hjá Tækniþjónustunni sf., Lágmúla 5, í sambandi við verk, er þeir hafa haft með höndum.

Kveðja.

Árni Brynjólfsson.“

2. Að stefnda verði gert skylt með dómi að sjá um birtingu dómsorðs í næsta fréttabréfi Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík á sama hátt og hin meirandi ummæli birtust.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða sér máls-

kostnað að mati dómsins ásamt 12% sérstökum söluskatti, sbr. l. nr. 1/1988, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi, Sigurður H. Oddsson, kveðst vera rafmagnstækniþræðingur og reka ásamt fleirum fyrirtæki í Reykjavík undir nafninu Tækniþjónustan sf., Lágmúla 5, Reykjavík. Eitt af fjölmörgum verkefnum stefnanda sé að koma fram sem eftirlitsmaður ýmissa verkkaupa gagnvart verktökum, fara yfir útreikninga, reikninga og framkvæmd verka. Ekki séu allir jafnsáttir við niðurstöðu slíkra eftirlitsmanna, en misjafnlega þó. Ein slík samtök sé Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík, en framkvæmdastjóri þess sé stefndi Árni Brynjólfsson. Með fréttabréfi, dags. í mars 1988, riti umræddur stefndi Árni í eigin nafni klausu undir heitinu Leiðindamál, en texta þessarar klausu sé að finna í lið 1 í dómkröfum sem og dskj. nr. 3. Þar ráðist stefndi Árni með móðgandi orðum að stefnanda sem og með grófum aðdróttunum gegn betri vitund eða hafi a.m.k. ekki, svo að vitað sé, haft neina sennilega ástæðu til að álíta aðdróttanir sínar réttar. Með bréfi, dags. 11. apríl 1988, hafi stefnandi farið þess á leit við stefnda Árna, að hann birti afsökun sína á jafnáberandi hátt á skrifum þessum. Þessu hafi stefndi Árni engu svarað, en hins vegar hafi hann birt umrætt bréf stefnanda í næsta fréttabréfi, sem nú hafi verið nefnt Fréttabréf rafverktaka og dagsett í apríl 1988. Birting bréfs stefnanda hafi verið höfð undir fyrirsögninni Hótun. Þetta hafi verið einu viðbrögð stefnda, og sé stefna þessi því nauðsynleg.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveður ummæli þau, sem fram komi í dómkröfunni, fela í sér aðdróttun, sem enginn fótur sé fyrir.

Um lið 2 visar stefnandi til 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefnandi kveðst taka fram, að hann geri engar kröfur á hendur stefnda um greiðslu miskabóta, sbr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Í þessu felist engin viðurkenning stefnanda á, að hann hafi ekki orðið fyrir miska, heldur einungis hitt, að hann telji það mun mikilsverðara að fá hin meiðandi ummæli dæmd dauð og ómerk og að sú ómerking sé birt á jafnáberandi hátt og hin meiðandi ummæli, heldur en að hafa í frammi einhverjar fjárkröfur, sem á engan hátt geti bætt þegar orðinn miska.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður tilefni upplýsingaöflunar þeirrar, er getið sé í dómskjali nr. 3, vera kvartanir, er framkvæmdastjóra Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík höfðu borist frá félagsmönnum út af stefnanda. Ofangreint dskj. nr. 3 sé ekki fréttabréf í hefðbundnum skilningi, heldur tilkynning til félagsmanna um árshátið, en stefndi Árni hafi notað tækifæri það, sem gafst með útsendingu tilkynningarinnar, til að gera fyrirspurn um viðskipti félagsmanna við stefnanda. Félag löggiltra rafverktaka gefi ekki út fréttabréf, heldur sé það Landssamband íslenskra rafverktaka, sem gefi út mánáðarlegt fréttabréf, sem sé fréttabréfið á dskj. nr. 7.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á þeim rökum, að ekki hafi verið framinn neinn sá verknaður, sem varði við lög, enda hafi það ekki verið ásetningur stefnda Árna í skilningi 18. gr. 1. nr. 19/1940 að meiða æru Sigurðar, heldur einungis að afla upplýsinga um það, hvort aðilar Félags löggiltra rafverktaka hafi átt í útistöðum við stefnanda, enda hafði Árni sem framkvæmdastjóri fengið kvartanir frá nokkrum félagsmönnum vegna samskipta við Sigurð.

EKKI hafi verið færðar sönnur fyrir því, að stefnandi hafi orðið fyrir álitshnekki eða að fyrirspurn og birting bréfs lögmanns stefnanda hafi valdið honum vandkvæðum á einn eða annan hátt. Hafi því ekki verið brotnar reglur um æruvernd.

Birting bréfs lögmanns stefnanda í fréttabréfi LÍR geti fráleitt talist ærumeiðandi.

Sérstaklega sé mótmælt 2. kröfulið stefnanda. Hin meintu meiðandi ummæli hafi aldrei birst í fjölmiðlum, og geti stefnandi ekki átt lagalega kröfu til birtingar dóms, þótt áfall verði dæmt á þann hátt, sem krafist er.

Kröfu sína um málskostnað byggir stefndi á 177 gr., sbr. 184. gr. 1. nr. 85/1936, og 21. gr. 1. nr. 54/1988.

III.

Niðurstaða.

Telja verður, að ummæli þau, sem krafist er ómerkingar á, feli í sér aðdróttanir í garð stefnanda, sem fallnar séu til þess að meiða æru hans. Af hálfu stefnda hefur engin tilraun verið gerð til þess að réttlæta ummæli þessi eða birtingu þeirra með þeim hætti, sem gert var í umræddu fréttabréfi. Þykir því þegar af þeirri ástæðu mega taka til greina kröfu stefnanda um, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk. Þá ber stefnda að sjá til þess, að dómsorð í máli þessu verði birt í næsta fréttabréfi Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík á sama hátt og hin meiðandi ummæli birtust.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 70.000 í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur.
Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Eftirgreind ummæli skulu vera dauð og ómerk:

„Leiðindamál.

Að marggefnu tilefni óskar skrifstofa FLRR eftir því, að félagsmenn veiti upplýsingar um það, hvort þeir hafi lent í útistöðum við Sigurð H. Oddsson, rafmagnstæknifræðing hjá Tækniþjónustunni sf., Lág-
múla 5, í sambandi við verk, er þeir hafa haft með höndum.

Kveðja.

Árni Brynjólfsson.“

Stefnda Árna Brynjólfssyni, Rauðalæk 16, Reykjavík, skal skylt að sjá um að birta dómsorð þetta í næsta fréttabréfi Félags löggiltra raf-
verktaka í Reykjavík, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa, á sama hátt og hin meiðandi ummæli birtust.

Stefndi Árni Brynjólfsson greiði stefnanda, Sigurði H. Oddssyni, Smyrlahrauni 54, Hafnarfirði, kr. 70.000 í málskostnað innan 15 daga
frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.